



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## **Skólanámskrá SÍJ**

### **Tölvumennt – 2. bekkur**

Hver nemandi er í eina kennslustund á viku í tölvumennt.  
Hálfur bekkur er í senn á móti tónmennt.

Lögð er áhersla á umgengni og vinnulag við tölvur, helstu aðgerðir í tölvu og almenna tölvunotkun. Þannig er markvisst stefnt að því að efla sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Börnin fá æfingu í helstu aðgerðum grunnforrita tölvu ss. ritun, teikningu, notkun vafra. Síðferði og öryggismál eru í hávegum höfð í kennslunni, og börnin fá kynningu á helstu síðareglum og öryggi við notkun tölvu og á Internetinu.

### **Matsviðmið**

#### **Umgengni og vinnulag**

Gangi vel um og fylgi reglum sem gilda í tölvustofunni / við tölvur  
Fylgist vel með í kennslustundum og fari eftir fyrirmælum  
Séu vinnusamir  
Sitji rétt við vinnu á tölvu  
Kveiki á tölvu  
Tengi heyrnatól

#### **Tölvun**

Þekki heitin á helstu hlutum tölvunnar ss. tölva, skjár, lyklaborð og mús  
Þekki heitin á helstu jaðartækjum tölvunnar, ss. hátalari, prentari, skanni

#### **Almenn notkun**

Skrái sig inn í tölvukerfi skólans með notandanafni og lykilorði  
Opni og loki forritum  
Kunni að finna forrit og leiki í möppum  
Kunni að nota einföld forrit

#### **Vafri**

Kunni undirstöðuatriði í notkun vafra (hlekkir, afturábak, áfram, opna og loka flipum)  
Kunni að fara inn á uppgefna vefslóð

### **Teikning**

Noti teikniforrit og þekki eftirtalin áhöld (pensill, litur, lína+form, málningarfata, hoppa til baka (e. undo) )

Geti teiknað myndir í teikniforriti

Geti skrifað texta, breytt leturgerð og fært textabox í teikniforriti

### **Ritun**

Staðsetji fingur rétt á og þekki vel alla heimalykla (A,S,D,F - J,K,L,Æ)

Riti einfaldan texta í ritvinnslu

Leiðrétti einfaldan texta í ritvinnslu

Kunni að gera kommu yfir stafi ( ´ + stafur )

Nota skiptihnappinn (e. shift) til þess að búa til stóra stafi

Þekki helstu hnappa á lyklaborði tölvu (bilslá, kommu, færsluhnapp (e. enter), skiptihnapp (e. shift) og stroka út

Breyti gerð, stærð og lit á letri í ritvinnslu

### **Siðferði og öryggismál**

Tileinki sér kurteisi og almenna varfærni á netinu

Átti sig á mikilvægi þess að halda lykilorðinu sínu leyndu

### **Námsmat**

Kennari metur hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og er matið birt á Mentor. Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Metin eru þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, og virkni í tímum.